

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 3. mars 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigriður Gestsdóttir, Guðjón Ebbs Guðjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar 2011 - 2013

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun aðalsjóðs og stofnana sveitarfélagsins. Í áætluninni kemur fram að reiknað er með að rekstrarafgangur samstæðunnar verði á bilinu 11.6-13.8 milljónir á áætlunartímanum. Fjárfestingar eru áætlaðar um 50 milljónir á ári og reiknað er með að handbært fé samstæðu lækki úr 675 milljónum í 664 milljónir á áætlunartímanum.

Áætlunin var rædd en hún var síðan samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga:

a) Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál.

Samkvæmt áætluninni verður rekstrarkostnaður samtals 17.018 þús. og gert ráð fyrir að hlutur aðildarsveitarfélaga verði 11.139 þús. Hlutur Sveitarfélagsins Skagastrandar er áætlaður 3.028 þús.

Áætlunin var til kynningar.

b) Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Í áætluninni kemur fram að heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 107.278 þús. og gert ráð fyrir að hlutur aðildarsveitarfélaganna í rekstrarkostnaði verði samtals 35.500 þús. Hlutur Sveitarfélagsins Skagastrandar er áætlaður 9.710 þús.

Áætlunin var til kynningar.

3. Kynning á atvinnuráðgjöf SSNV

Á fund sveitarstjórnar mættu Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV og Stefán Haraldsson atvinnuráðgjafi SSNV. Kynntu þeir það helsta í verkefnum og störfum sem SSNV er að sinna.

4. Bygging iðngarða og vigtahúss

Á fundinn mætti Ágúst Hafsteinsson arkitekt Arkitektastofunnar Form og lagði fram og kynnti teikningar og hugmyndir að tæpleg 1000 fm iðnaðarhúsi sem gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi. Einnig lagði hann fram og kynnti teikningar að nýju vigtarhúsi á Skagastrandarhöfn og kostnaðaráætlanir fyrir bæði verkefnum.

Samþykkt að vísa tillögu að byggingu vigtarhúss til hafnarnefndar. Sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari upplýsinga um byggingu iðnaðarhúss, fjármögnun byggingarinnar, skipulagsatriða ofl.

5. Aðalskipulag Skagastrandar.

Fyrir fundinum lágu greinargerð um aðalskipulagið og uppdrættir sem sýna skipulagða landnotkun. Sveitarstjórn ræddi aðalskipulagið og þau gögn sem lágu fyrir fundinum. Eftirfarandi gögn höfðu verið tekin til skoðunar við gerð skipulagsins:

- Greinargerð með stefnumörkun, dags. 25.02.2010
- Umhverfisskýrslu og helstu forsendur, dags. 26.02.2010
- Sveitarfélagsuppdrátt og þéttbýlisuppdrátt fyrir Skagaströnd, dags. 2.03.2010

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir 2010-2022, sbr. 17. gr. skipulagslaga nr. 73/1997 en skipulagsnefnd sveitarfélagsins afgreiddi á fundi sínum 1. mars 2010 tillöguna til auglýsingar.

6. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu

Sveitarstjórn fór yfir kjörskrá vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars nk. Ekki voru gerðar athugasemdir við skrána en hún liggur frammi til kjördags og hægt að gera athugasemdir fram að þeim tíma.

7. Bréf:

a) Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, 31. jan. 2010.

Fyrir fundinum lá bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis þar sem tilkynnt er um að 100 þorskígildistonna byggðakvóta hafi verið úthlutað til Skagastrandar. Með bréfinu er einnig tilkynnt um að sveitarstjórnir geti lagt til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði um úthlutun aflans.

Fyrir fundinum lá einnig bréf sveitarstjóra til ráðuneytisins dags. 16. febrúar þar sem gerð er tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvótans.

Sveitarstjórn staðfesti tillögurnar sem fram koma í bréfi til ráðuneytisins.

b) Smábáttfélagsins Skalla, 3. febrúar 2010.

Með bréfinu er kynnt ályktun sem samþykkt var á aðalfundi smábátafélagsins 16. september 2009.

Bréfið var til kynningar.

c) Undirbúningsnefndar Ís-Landsmóts, dags. 11. febrúar 2010.

Með bréfinu er óskað eftir styrk til Ís-Landsmóts sem haldið verður á Svínavatni laugardaginn 6. mars nk.

Samþykkt að veita 25 þús. króna styrk til verkefnisins.

d) Náttúrustofu Norðurlands vestra, dags. 8. febrúar 2010.

Með bréfinu er óskað eftir styrk til að standa fyrir fræðsludegi um Húnavetnska náttúru 10. apríl nk.

Samþykkt að veita 25 þús. króna styrk til verkefnisins.

e) Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 24. janúar 2010.

Með bréfinu er óskað eftir að sveitarstjórn veiti almenn heimild fyrir því að lánasjóðurinn birti upplýsingar um stöðu lána sveitarfélagsins hjá sjóðnum. Með samþykki fyrir birtingu fyrrgreindra upplýsinga um lántökur væri lánasjóðnum veitt heimild til að víkja frá reglum um bankaleynd sem kveðið er á um í 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Hér með veitir sveitarstjórnin, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.“

Skuld sveitarfélagsins við Lánasjóð sveitarfélaga 31.12.2009 var 11.483 þús.

f) Ungmennafélags Íslands, dags. 28. janúar 2010.

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 15. unglíngalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina 2012.

Bréfið var til kynningar.

g) Umhverfisstofnunar, dags. 5. janúar 2010.

Með bréfinu er tilkynnt um að stjórnvöld hafi nú fallið frá fyrri áformum um að hætta að endurgreiða sveitarfélögum framlag til veiðimanna vegna veiða á ref.

Endurgreiðslur verði því með sama hætti og verið hefur.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar, 4.02.2010

Fundargerðin var samþykkt.

b) Byggingarnefndar, 1.03.2010

Sveitarstjórn gerði þann fyrirvara við 2. lið fundargerðarinnar að lóðaleigusamningur verði lagður fyrir sveitarstjórn.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

c) Vinnufundar um aðalskipulag, 19.01.2010.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún
Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál, 20.01.2010
Fundargerðin var til kynningar.

g) Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún. 19.01.2010
Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar Byggðasafnsins á Reykjatanga, 13.01.2010.
Fundargerðin var til kynningar.

i) Stjórnar SSNV, 18.01.2010
Fundargerðin var til kynningar.

j) Stjórnar SSNV, 9.02.2010
Fundargerðin var til kynningar.

k) Menningarráðs Norðurlands vestra, 3.02.2010
Í fundargerðinni kemur m.a. fram að drög hafa verið lögð að nýjum menningarsamningi og því er beint til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að framlengja til ársloka 2010 núverandi samstarfssamningi sveitarfélaganna um menningarmál en sá samningur rann út um síðustu áramót. Sveitastjórn samþykkti þá framlengingu. Að öðru leyti var fundargerðin til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

l) Sambands ísl. sveitarfélaga, 29.01.2010
Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Eftirfarandi ályktanir voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða:

Sjávarútvegsmál:

Sveitarstjórn Skagastrandar skorar á ríkisstjórn Íslands að falla frá hugmyndum um innköllun veiðiheimilda eða svokallaða fyrningarleið. Aldrei fyrr hefur sjávarútvegur verið þjóðinni mikilvægari og alls engin ástæða til að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi við úthlutun veiðiheimilda. Stærstur hluti veiðiheimilda er í dag í höndum sjávarútvegsfyrirtækja vítt og breitt um landið, með fyrningarleið væri því gerð alvarlega atlega að stöðu landsbyggðarinnar.

Á undanfórnum árum hafa stjórnvöld staðið að breytingum á stjórnkerfi fiskveiða m.a. með úthlutun byggðakvóta og nú síðast ákvörðun um strandveiðar. Með þessum ákvörðunum hafa stjórnvöld komið til móts við ólík sjónarmið.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Sveitarstjórn telur ekki rétt að færa veiðiheimildir úr byggðakvóta yfir í strandveiðar en skorar á ráðuneyti sjávarútvegsmála að breyta svæðisskiptingu strandveiða m.a. með tilliti til reynslu síðasta árs.

Um heilbrigðismál:

Sveitarstjórn Skagastrandar mótmælir þeim mikla niðurskurði sem Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi þarf að taka á sig. Sveitarstjórn skorar á heilbrigðisráðherra að endurskoða boðaðan niðurskurð og tryggja að Heilbrigðisstofnuni fái sanngjarna meðferð í samanburði við aðrar stofnanir. Jafnframt brýnir sveitarstjórn þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um stofnunina.

Samgöngumál:

Sveitarstjórn Skagastrandar mótmælir hugmyndum Vegagerðarinnar um breytta veglínu í gegnum A-Húnavatnssýslu með svokallaðri Húnavallaleið. Sveitarstjórn minnir á að að í gildandi svæðisskipulagi A-Húnavatnssýslu 2004-2016 er ekki gert ráð fyrir nýjum stofnvegi á þessu svæði.

Matjurtagarðar:

Sveitarstjórn samþykkir að koma upp aðstöðu innan sveitarfélagsins fyrir matjurtagarða. Sveitarstjóra er falið að útfæra hugmyndir um staðsetningu og tilhögun og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13⁰⁰

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Guðjón Ebbi Guðjónsson,

Magnús B. Jónsson.